



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík 4. febrúar 2019

1902004SA TP
Málalykill: oo.64

Efni: Áform um lagasetningu - meðferð ríkisaðstoðarmála

Vísað er til kynningar á ofangreindu máli (S-22/2019) á samráðsgátt stjórnvalda.

Meginefni málsins varðar að festa í lög nýmæli sem leiða af innleiðingu svonefndrar málsmeðferðarreglugerðar um ríkisaðstoð. Áformin eru ekki talin varða heimildir til þess að veita ríkisaðstoð, en lúta þó að því að taka ákvæði um meðferð ríkisaðstoðarmála upp í heildstæðan lagabálk að fyrirmynnd annarra EES-ríkja. Ætlunin mun að lögfesta meginreglur á réttarsviðinu, sem mun bæta reglufestu, skýrleika og gegnsæi í meðferð mála.

Fram kemur í mati á þessum áformum gagnvart fjárhag og stjórnsýslu sveitarfélaga (sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga) að engin bein áhrif fylgi innleiðingu umræddrar reglugerðar ESB. Ekki sé þannig gert ráð fyrir að afmarkaðar breytingar á málsmeðferð við eftirlit ríkisaðstoðarmála kalli á aukna vinnu af hálfu sveitarfélaga eða annarra stjórnvalda. Þá kemur jafnframt fram að að hin áformaða lagasetning muni mögulega leiða óbeint til betri framfylgni við reglur EES-samningsins um ríkisaðstoð og þar með til hagkvæmari og markvissari nýtingar opinberra fjármuna af hálfu sveitarfélaga, en það myndi hafa jákvæð áhrif á fjárhag þeirra.

Sambandið gerir út af fyrir sig ekki athugasemd við ofangreinda lýsingu en bendir þó á að í Noregi er innleiðing málsmeðferðarreglugerðarinnar talin hafa þýðingu gagnvart sveitarstjórnarstiginu. Sá varnagli er jafnframt sleginn að á hinar nýjar reglur muni væntanlega einungis reyna í mjög fáum tilvikum.

Sambandið telur hugsanlegt að slík tilvik gætu náð til stærstu fyrirtækja sem eru í eigu sveitarfélaga og stunda starfsemi sem hefur almenna efnahagslega þýðingu. Lögin kunni þar með að hafa áhrif á starfsemi innan samstæðu. Þá horfir sambandið einnig til þess að það getur skipt máli fyrir sveitarfélögin hvernig meginreglur um ríkisaðstoð eru settar fram í lagatexta.

Af þessum ástæðum fer sambandið þess á leit að fulltrúar sveitarfélaga verði hafðir með í ráðum þegar þegar kemur að gerð lagafrumvarpsins og að þau samtöl fari fram áður en frumvarpsdrög eru kynnt á samráðsgátt stjórnvalda.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri